



Fundur í sveitarstjórn

79. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 5. apríl 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Heiðrún Óladóttir Siggeir Stefánsson, Ævar Marinósson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Aðalbjörn Arnarsson tók sæti undir liðum 13 og 14.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti bar fram tillögu þess efnis að eftirtöldum tveimur liðum yrði bætt á dagskrá fundarins og að númeraröð dagskrárliða yrði breytt til samræmis.

- Húsnaðisáætlun Langanesbyggðar sem yrði nr. 22 á auglýstri dagskrá
- Bókun vegna frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar) sem yrði nr. 23 á auglýstri dagskrá

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: oddviti, Siggeir Stefánsson

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 858. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. mars 2018
- 2) Fundargerð 197. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 8. desember 2017
- 3) Fundargerð 198. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 5. febrúar 2018
- 4) Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 14. mars 2018
- 5) Fundargerð 304. fundar stjórnar Eyþings, 21. mars 2018
- 6) Fundargerð 20. fundar landbúnaðarnefndar, 21. mars 2018
 - a) Liður 1, Uppgjör á fjallskilum
- 7) Fundargerð 32. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 23. mars 2018
- 8) Fundargerð 13. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 8. Mars 2018
- 9) Fundargerð 14. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar 3. apríl 2018
- 10) Vegagerðin, beiðni um framkvæmdaleyfi, efnistaka í Rauðbrekkum, dags. 28. febrúar 2018



- 11) Styrkbeiðni vegna verðlaunahátíðar barna dags. 20. mars 2018
- 12) Skipting á kröfu lífeyrissjóðsins Brúar milli sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu
- 13) Erindi frá AM Praxis vegna Marinós Jóhannssonar, dags. 6. mars 2018
- 14) Erindi frá Marinó Jóhannssyni, dags. 2. apríl 2018
- 15) Heilsueflandi sveitarfélag
- 16) Málefni Bakkafjarðar niðurstöður vinnuhóps og fundur með forsætisráðherra
- 17) Ljósleiðaravæðing dreifbýlis, staða verkefnis og næstu skref
- 18) Drög að innkaupareglum Langanesbyggðar, fyrri umræða
- 19) Langanesvegur 2, staða og næstu skref
- 20) Leikskóli nýbygging, staða og næstu skref
- 21) Finna fjörður, staða og næstu skref
- 22) Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar
- 23) Bókun vegna frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar)
- 24) Skýrsla sveitarstjóra
- 25) Framkvæmdir við leikskólann – að beiðni U-lista
- 26) Fundarsköp Langanesbyggðar – að beiðni U-lista

Fundargerð

- 1. Fundargerð 858. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. mars 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 2. Fundargerð 197. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 8. desember 2017**
Fundargerðin lögð fram.
- 3. Fundargerð 198. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 5. febrúar 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 4. Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 14. mars 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 5. Fundargerð 304. fundar stjórnar Eypings, 21. mars 2018**
Fundargerðin lögð fram.

**6. Fundargerð 20. fundar landbúnaðarnefndar, 21. mars 2018**

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1. Uppgjör á fjallskilum

Fram kemur í fundargerð að samkvæmt útreikningum fjallaskilastjóra á fjallskilaseðli sé halli upp á 63.170 kr. og leggur landbúnaðarnefnd til við sveitastjórn að Langanesbyggð greiði hallann úr samfélagssjóði.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að kr. 63.170 verði greiddar til að jafna neikvæða afkomu fjallskilasjóðs.

Samþykkt samhljóða.

7. Fundargerð 32. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 23. mars 2018

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1. Eyrarvegur 16 – umsókn um viðbyggingu við vesturhlið

Lögð fram umsókn frá Faglausnum ehf. fyrir hönd Ísfélagsins, dags. 13.03.2018, um 148,9 m² viðbyggingu við vesturhlið frystihússins. Umsókninni fylgja teikningar.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu málsins.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Björn Guðmundur Björnsson og Ævar Marinósson sátu hjá.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á bókun nefndarinnar þar til hafnarnefnd hefur fjallað um málið.

Siggeir tók sæti að nýju.

8. Fundargerð 13. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 8. Mars 2018

Fundargerðin lögð fram.

Til máls tók: Elías Pétursson.

9. Fundargerð 14. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar 3. apríl 2018

Fundargerðin lögð fram.

10. Vegagerðin, beiðni um framkvæmdaleyfi, efnistaka í Rauðbrekkum, dags. 28. febrúar 2018

Fram er lagt erindi Vegagerðarinnar hvar sótt er um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. nr. 123/2010 og reglugerð nr. 771/2012 um framkvæmdaleyfi. Í erindinu kemur fram að áætlað sé að vinna 8.000 m³ af malarslitlagsefni á yfirstandandi ári. Einnig kemur fram að svæðið verði jafnað að aflokinni efnistöku en að ráð sé fyrir því gert að hægt verði að vinna efni áfram í námunni síðar. Að síðustu kemur fram í erindinu að framkvæmdin falli undir



tilkynningarskyldu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og falli þar í flokk C undir lið 2.04. Vegagerðin óskar eftir úrskurði sveitarfélagsins hvort framkvæmdin sé matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Fram kemur það álit Vegagerðarinnar að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki matsskyld.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Í ljósi reynslu af því efni sem í námunni er þá frestar sveitarstjórn afgreiðslu beiðnar Vegagerðarinnar og felur sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina og óska nánari upplýsinga.

Samþykkt samhljóða.

11. Styrkbeiðni vegna verðlaunahátíðar barna dags. 20. mars 2018

Fram er lögð ósk félags, Sagna – samtaka um barnamenningu um styrk vegna verðlaunahátíðar barnanna.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið en sér sér ekki fært að verða við beiðni um styrk.

Samþykkt samhljóða.

12. Skipting á kröfu lífeyrissjóðsins Brúar milli sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu

Fram er lagt erindi Héraðsnefndar Þingeyinga bs. er varðar kröfur frá Brú lífeyrissjóði vegna uppgjors á hlut héraðsnefndarinnar í áföllnum skuldbindingum A-deildar sjóðsins m.v. 31. maí 2017, þ.e. í svokallaðan jafnvægsisjóð, að upphæð kr. 7.294.260,- Krafan er byggð á ákvæðum laga nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 varðandi lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, þ.m.t. starfsmanna sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana. Einnig er framlagt minnisblað unnið af PwC þar sem gerð er grein fyrir kröfunni og forsendum hennar.

Í erindinu er þess óskað að eftir því við sveitarfélögin að þau geri kröfuna upp með sérstakri eingreiðslu til héraðsnefndarinnar. Hlutur Langanesbyggðar er samkvæmt framlögðum útreikningi kr. 714.516.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að greiða Héraðsnefnd Þingeyinga kr. 714.516.

Samþykkt samhljóða.

13. Erindi frá AM Praxis vegna Marinós Jóhannssonar, dags. 6. mars 2018

Fram er lagt erindi AM Praxis lögmannna f.h. Marinós Jóhannssonar er varðar kröfu um að skipaður verði sérstakur fjallskilastjóri í Langanesbyggð sem ekki hafi jafnframt á hendi



fjallskilastjórn í öðrum deildum. Bréfið hefur verið kynnt í landbúnaðarnefnd og fengið umfjöllun þar.

Til máls tók Ævar Marinósson og lýsti sig vanhæfa vegna liðar 13 og 14. Samþykkt.

Aðalbjörn Arnarsson tók sæti hans undir þessum liðum.

Til máls tók: Elías Pétursson

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu.

Samþykkt samhljóða.

14. Erindi frá Marinó Jóhannssyni, dags. 2. apríl 2018

Fram er lagt erindi Marinós Jóhannssonar, hvar fram kemur það mat hans að svör við bréfum heiðarbænda dags 9. janúar 2017 og 23. apríl hafi verið ófullnægjandi, einnig kemur fram gagnrýni á landbúnaðarnefnd ásamt og að komið er inn á málefni er tengjast endurvinnslu á rúlluplasti. Einnig eru framlögð þau svarbréf sem nefnd eru í erindinu ásamt öðrum samskiptum er varða málið.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu.

Samþykkt samhljóða.

Aðalbjörn Arnarsson vék af fundi og Ævar Marinósson tók sæti að nýju.

15. Heilsueflandi sveitarfélag

Sveitarstjóri lagði fram drög að tillögu þess efnis að komið verði á laggirnar stýrihóp og samráðshóp vegna undirbúnings á innleiðingu á heilsueflandi sveitarfélagi í Langanesbyggð.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til velferðarnefndar til frekari umfjöllunar og útfærslu.

Samþykkt samhljóða.



17. Málefni Bakkafjarðar niðurstöður vinnuhóps og fundur með forsætisráðherra

Fram er lagt bréf vinnuhóps um málefni Bakkafjarðar dags. 3. mars sl., tillögur vinnuhópsins sem bréfinu fylgdu og tölvubréf sveitarstjóra til sveitarstjórnarmanna Langanesbyggðar dags. 13. mars sl.

Til máls tók sveitarstjóri og rakti tilurð vinnuhópsins, tillögur hans og fund þann sem hann, varaoddviti og þingmenn kjördæmisins áttu með forsætisráðherra.

Starfshópur um málefni Bakkafjarðar var settur á fót í framhaldi af opnum íbúafundi sem haldinn var á staðnum 22. júní 2017 og eru megintillögur hópsins eftirfarandi:

- Aflaheimildir, þ.e. sértækur byggðakvóti, verði auknar í að lágmarki 300 þorskígildistonn frá og með fiskveiðiárinu 2018-2019.
- Séð verði til þess að lokið verði við lagningu bundins slitlags á veginn um Langanesströnd fyrir árslok 2019 og varanlegri vegagerð um Brekknaheiði verði lokið eigi síðar en 2021.
- Byggðin við Bakkaflóa verði tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir frá og með 1. júní 2018 og ráðinn verkefnisstjóri staðsettur þar til að stýra verkefninu
- Átak verði gert í því að efla nærþjónustu með sameiginlegri aðkomu ríkis og sveitarfélags.
- Sett verði í gang þriggja ára tilraunaverkefni um reglubundnar almennings-samgöngur milli Bakkafjarðar og Þórshafnar með sértækum stuðningi ríkisins.

Utan ofangreindra tillagna þá lagði starfshópurinn einnig sjö aðrar tillögur fram sem allar beinast að því að efla byggð og samfélag við Bakkaflóa.

Á fundi fulltrúa hópsins með forsætisráðherra áttu sér stað hreinskiptar og gagnlegar viðræður sem lauk með því að forsætisráðherra gaf fyrirheit þess efnis að málefnið yrði tekið upp á vettvangi ríkisstjórnar mjög fljótlega.

Fram kom í máli sveitarstjóra að hann teldi að ríkisstjórn væri búin að taka málið til umfjöllunar og því mætti búast við viðbrögðum fljótlega.

Til máls tók: Björn Guðmundur Björnsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn fagnar framtaki því sem í störfum vinnuhópsins birtist, þakkar hópnum góð störf og felur sveitarstjóra að vinna áfram að verkefninu. Einnig leggur sveitarstjórn á það ríka áherslu að unnið verði hratt og örugglega að framgangi greinagóðra og skýrra tillagna starfshópsins.

Samþykkt samhljóða.

18. Ljósleiðaravæðing dreifbýlis, staða verkefnis og næstu skref

Lagt er fram minnisblað sveitarstjóra dags. 4. apríl sl., í minnisblaðinu er framkomnum spurningum U-lista frá 78. fundi svarað og ýmsir þættir verkefnisins skýrðir.



Staða verkefnisins í dag er að öll hús í dreifbýli Langanesbyggðar, vestan Brekknaheiðar hafa verið tengd við ljósleiðarakerfið. Langanesströndin var á áætlun þessa árs, en hefur verið flutt yfir á næsta ár þar sem takmarkaður styrkur fékkst til verksins á þessu ári.

Styrkir hafa fengist til verkefnisins frá Fjarskiptasjóði að fjárhæð 12,4 m.kr 2017 og 7,6 m.kr. 2018 eða samtals 20 m.kr. Styrkveiting 2018 olli miklum vonbrigðum og telur sveitarstjóri töluverða annmarka vera á úthlutunarreglum Fjarskiptasjóðs, þ.e. að ekki sé tekið tillit til þess hvort sveitarfélög hafi hafið framkvæmdir við ljósleiðaralagnir eða ekki. Sveitarstjóri hefur komið því áliti skýrt á framfæri við sjóðinn.

Unnið er að lokauppgjöri vegna fyrri áfanga verkefnisins, þ.e. dreifbýlinu vestan Brekknaheiðar, en samkvæmt bráðabyrgðatölum þá er áfallinn kostnaður að frádregnum styrkjum og tengigjöldum 13,4 m.kr. Heildarframkvæmdakostnaður vegna fyrsta áfanga er 36 m.kr.

Í samræmi við áður kynntar áætlanir og samþykktir þá hefur Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps ehf., sem nú er að fullu í eigu Svalbarðshrepps annast uppbyggingu og mun annast rekstur ljósleiðarakerfis í Langanesbyggð. Unnið er að endanlegu uppgjöri verkefnisins og samningi um breytt eignarhald fjarskiptafélagsins byggt á ramma-samkomulagi þar um.

Langanesströndin var á áætlun þessa árs, en hefur verið flutt yfir á næsta ár, þar sem takmarkaður styrkur fékkst til verksins á þessu ári. Sótt verður um styrk vegna þess verkhluta síðar á þessu ári.

Til máls tók Siggeir Stefánsson sem lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn þakkar fyrir framlögð gögn sem við óskuðum eftir fyrir síðasta fund. Þegar það var ákveðið að fara í þetta þarfa verkefni var það tekið fyrir í sveitarstjórn og samþykkt samhljóða að fara í það á þann hátt sem var gert. Á þeim tíma sem þetta var samþykkt kom fram að ekki væri víst að við fengjum þá styrki á næsta ári sem okkur stóð til boða þá. Eins kom það fram að talið var hagkvæmt að ganga til samninga við sama aðila og vann verkið fyrir Svalbarðshrepp á grundvelli tilboðs sem hann gerði í lagningu ljósleiðara fyrir þá.

19. Drög að innkaupareglum Langanesbyggðar.

Lögð eru fram drög að endurskoðuðum innkaupareglum Langanesbyggðar, drögin eru lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóri tók til máls og yfirlýsti drög að innkaupareglum til endurskoðunar og helstu atriði greinargerðar sem drögunum fylgja. Fram kom að sveitarstjóri hefur sent drögin til Sambands Íslenskra sveitarfélaga í þeim tilgangi að kalla fram athugasemdir og hugsanlegar ábendingar um breytingar. Einnig hefur sveitarstjóri sent kjörnum fulltrúum drögin með ósk um athugasemdir og eða tillögur að breytingum.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson.



20. Langanesvegur 2, staða og næstu skref

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað dags. 2. apríl 2018. Í minnisblaðinu, sem unnið er að frumkvæði meirihluta sveitarstjórnar er farið yfir þá möguleika sem í nýlegum kaupum sveitarfélagsins á húseigninni að Langanesi 2. felast. Einnig lagði sveitarstjóri fram frumtillögu að ytra útliti hússins.

Eftirfarandi megingtillögur koma fram í minnisblaðinu:

- Að íbúðir í suðurenda verði seldar.
- Að skoðað verði hvort ekki sé gerlegt að nýta miðrymi undir skrifstofur sveitarfélagsins ásamt fundaraðstöðu nefnda og sveitarstjórnar.
- Að rými í norðurhorni verði ráðstafað undir félagsstarf aldraðra.
- Að rými í norðvesturhorni verði selt sem verslunarrými.

Lagt er til að sveitarstjóra verði falið að vinna áfram að verkefninu á forsendum sem tíundaðar eru í framlögðu minnisblaði. Einnig er lagt til að hið fyrsta verði haldinn íbúafundur hvar hugmyndir sveitarfélagsins verði kynntar fyrir íbúum.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd U-listans:

U-listinn fagnar því að hafin sé vinna við að kanna mögulega nýtingu á húsnaðinu eins og við kölluðum eftir. Óskum við eftir því að sú vinna haldi áfram og allir möguleikar verði skoðaðir til hlítar. Áriðandi er að gerðar verði raunhæfar fjárhagsáætlanir þegar allir möguleikar verði skoðaðir.

Elías Pétursson veitti andsvar. Björn Guðmundur Björnsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við efni framlagðs minnisblaðs. Einnig er sveitarstjóra falið að skipuleggja kynningarfund með íbúum Langanesbyggðar svo fljótt sem verða má.

Samþykkt samhljóða.

21. Leikskóli Nýbygging, staða og næstu skref

Fram er lagt minnisblað vegna nýbyggingar leikskóla, í minnisblaðinu er farið yfir verkefnið, stöðu þess og næstu skref. Áfram hefur verið unnið að nýbyggingu leikskóla í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar sem endurspeglast bæði í bókunum sveitarstjórnar og í samþykktri fjárhagsáætlun 2018. Hönnun er lokið og hafa allar teikningar fengið afgreiðslu allra þar til bærra yfirvalda. Stendur nú yfir útboð á byggingunni sjálfri sem auglýst var 17. mars sl. og fer opnun tilboða fram þann 20. apríl nk. kl. 14:00. Verklok eru áætluð 10. desember 2018.

Til máls tók: Elías Pétursson.



23. Finnafjörður, staða og næstu skref

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti minnisblað sem unnið var af lögfræðingum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps. Í minnisblaðinu er farið yfir það sem gerst hefur frá því að síðasta minnisblað var lagt fram á fundi sveitarstjórnar þann 25. janúar sl. Fundað hefur verið með landeigendum, samstarfsaðilum verkefnisins, ráðuneytum og hugsanlegum fjárfesti. Óhætt er að fullyrða að fundir undanfarið hafi tekist vel, vilji aðila til að ljúka málinu með samkomulagi um öll atriði er skýr, en talsvert er í land að hægt sé að tala um að niðurstöður liggi fyrir. Sú samantekt sem hér er framlögð ber með sér að málið er að þróast – en um leið að góðir hlutir gerast hægt. Framundan er ferð til Þýskalands þar sem meiningin er að ljúka þeim samningum sem sveitarstjórn hefur áður veitt heimild til vinnu við. Þegar drög að samningum liggja fyrir þá verða þeir lagðir fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 17:53. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:57.

24. Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar drög að húsnæðisáætlun Langanesbyggðar, drögin hafa verið unnin undanfarna mánuði í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar. Sveitarstjóri hvatti fundarmenn til að kynna sér drögin og velta fyrir sér hver stefna Langanesbyggðar ætti að vera til skemmri og lengri framtíðar. Ætlunin er að taka framlögð drög til formlegrar umræðu á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar. Einnig verða þau kynnt fyrir nefndum sem um málaflokkinn fjalla.

25. Bókun vegna frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða

Fram er lögð tillaga að bókun vegna máls 429. frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar):

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir sig sammála ýmsu sem fram kemur í framlögðu frumvarpi enda gæti það leitt til aukins öryggis, jafnræðis og eflingar strandveiðikerfisins í heild. Jákvætt er að í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum aflaheimildum í kerfið og litið er til aukins frjálsræðis varðandi val á veiðidögum.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggst hins vegar alfarið gegn þeim hugmyndum sem lúta að því að hafa landið allt sem einn kvótapott fyrir strandveiðar þar sem Fiskistofa hafi svo heimildir til þess að stöðva veiðar þegar heildarmagni er náð. Slíkar breytingar munu valda miklum tilfærslum á því hvar strandveiðar munu verða stundaðar og stórlega veikja þau svæði sem megin veiðin er seinni hluta sumars. Að því leiti telur sveitarstjórn frumvarpið ganga gegn upphaflegu markmiði með strandveiðum þar sem leitast var við að styrkja sjávarbyggðir um allt land.



Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur að frumvarpið óbreytt muni kollvarpa strandveiðum í sveitarfélaginu og valda óbætanlegum skaða á litlum og brothættum byggðarlögum svo sem Bakkafirði sem hefur verið ein aflamesta strandveiðihöfn landsins undanfarin ár.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á sjávarútvegsráðherra að skilgreina áfram ákveðið magn til einstakra svæða eins og verið hefur og jafnframt að leitast verði við að ná fram jöfnuði í aflaverðmæti á milli svæða með því að láta aukningu aflamagns skila sér hlutfallslega hærra inn á svæði þar sem meðalaflaverðmæti í róðri hefur verið lægra.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma bókuninni á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Samþykkt samhljóða.

26. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir helstu mál sem í gangi hafa verið og ekki er getið sérstaklega hér að ofan:

Ársreikningur 2017. Unnið er að gerð ársuppgjörs og gengur sú vinna samkvæmt áætlun. Heimsókn endurskoðenda er lokið og er nú verið að yfirfara niðurstöður sem verða lagðar fyrir sveitarstjórn á næsta reglulega fundi.

Bakkavegur 23, íbúðir aldraðra. Lokið er endurbótum á sameiginlegum rýmum í íbúðum aldraðra að Bakkavegi. Tókust þær lagfæringar vel og bættu umhverfi íbúa mjög. Gert hefur verið ástandsmat og kostnaðaráætlun vegna þakkants sem er í bágbornu ástandi, áætlaður kostnaður við endurnýjun er 2,5 m.kr.

Skrúðgarður. Lokið hefur verið við klippingu trjágróðurs.

Gönguleiðaskilti, Hrollaugsstaðir – Skálar. Nú er unnið að gerð festinga fyrir gönguleiðarskilti vegna gönguleiðarinnar á milli Hrollaugstaða og Skála.

Langanesvegur 2. Rafmagn er komið á húsið og unnið er að því að setja upp lágmarks kyndingu.

Persónuverndarmál. Starfshópur á vegum sveitarfélagsins um persónuverndarmál hefur hist einu sinni og unnið er að kortlagningu þeirra upplýsinga sem sveitarfélagið heldur utan um og flokkast undir ákvæði nýrra persónuverndarlaga. Unnið er að þessum málum í náinni samvinnu við starfsfólk Norðurþings. Gera þarf m.a. nýja samninga eða viðauka við gildandi samninga við þau fyrirtæki sem eru vörsluaðilar persónulegra upplýsinga á vegum sveitarfélagsins.

Skjalavarsla og skil. Samhliða þessu eru í skoðun meðferð og skil á gögnum sveitarfélagsins í samvinnu við Héraðsskjalasafn Þingeyinga, en skv. lögum um opinbera



varðveislu ber að skila öllum bréfum, fundargerðum og opinberum skjölum 30 ára og eldri til héraðsskjalasafns til varðveislu. Skilaskylda þessi er viðtæk og nær einnig til trúnaðargagna.

Endurbætur á Veri. Málningarvinnu á austursal Vers, áður matsal grunnskólans, er um það bil að ljúka. Fljótlega verður hafist handa við lekaviðgerðir. Nýtt gólfefni á salinn kemur til landsins um miðjan mánuðinn og verður það lagt yfir núverandi gólfefni og í kjölfarið verður opnað á milli núverandi þreksalar og nýja salarins. Bráðlega verður nýtt greiðslukerfi sett upp í afgreiðslunni sem og nýtt aðgangsstýringarkerfi að húsinu sem skapar möguleika á aðgangi utan hefðbundins opnunartíma.

Til máls tók Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

27. Framkvæmdir við leikskólann – að beiðni U-lista

Til máls tók Siggeir Stefánsson sem lagði fram svohljóðandi bókun f.h. U-listans: Á síðasta fundi, í gögnum um framkvæmdir við leikskóla og í fjölmiðlum hefur sveitarstjóri verið með miklar rangfærslur sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Það er alrangt að U-listinn hafi ætlað að dreifa trúnaðargögnum og það í einhverjum annarlegum tilgangi. Það dæmir sig sjálft þar sem viðkomandi verki var lokið þegar óskað var eftir þessum upplýsingum. Að saka minnihlutann um spillingu eru miklar ásanir, þar sem U-listinn var eingöngu að óska eftir að verk færu í útboð og sveitarstjórn yrði upplýst en það hafði ekki verið gert. Við ítrekum þá skoðun okkar að það hefði verið eðlilegt að bjóða þetta verk allt út. Það sem þó kom út úr gagnrýni á vinnubrögðin var að seinni hluti verksins var boðinn út og ber að fagna því. U-listinn er og hefur ekki verið að gæta að einhverjum sérhagsmunum heldur haft hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi. U-listinn áskilur sér rétt til þess að svara nánar síðar.

Elías Pétursson veitti andsvar og lagði fram svohljóðandi bókun: Þar sem engin gögn fylgdu þessum dagskrárlið, get ég ekki brugðist efnislega við, en áskil mér allan rétt til að bregðast við með viðeigandi hætti vegna þessa ásamt og ummæla sem höfð eru eftir efsta manni á U-lista í nýlegri frétt á vef RUV.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 18:18. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:21.

28. Fundarsköp Langanesbyggðar – að beiðni U-lista

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun f.h. U-listans: U-listinn óskaði eftir þessum lið á dagskrá þar sem okkur finnst fundarsköpum síðustu funda hafi verið ábótavant, stórlega að okkur vegið með svívirðingum og rangfærslum. Hefur umræðan undir dagskráliðum farið langt út fyrir efnið og á síðasta fundi komst sveitarstjóri upp með það að halda langa ræðu þar sem farið var um víðan völl og vegið að sveitarstjórnarmönnum með rangfærslum. Enn undarlegra er að ræðan var ekki sett í fundargerð né afhent sveitarstjórnarmönnum, en daginn eftir fundinn hringdi fréttamaður í



aðila á U-listanum og var þá kominn með ræðuna í sínar hendur. Lítur út fyrir að sveitarstjóri hafi sent hana á fréttamenn í einhverjum annarlegum tilgangi. Við gagnrýnum og mótmælum slíkum vinnubrögðum.

Við óskum eftir því að vandað verði til fundarskapa, að minnihluti sitji við sama borð og meirihluti og að minnihluti þurfi ekki að sitja undir slíkum uppákomum eins og hafa verið á síðustu fundum. U-listinn gefur sér rétt til þess að leita réttar síns í þessum málum.

Heiðrún Óladóttir óskaði eftir fundarhléi kl. 18:25. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:27.

Til máls tóku: Elías Pétursson. Siggeir Stefánsson veitti andsvar. Elías Pétursson veitti andsvar við andsvari.

Oddviti ræddi stjórn funda og fundarsköp.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Heiðrún Óladóttir sem lagði fram svohljóðandi bókun: Þar sem engin leið var að átta sig á fyrirfram hvað U-listinn ætlaði að fjalla um undir þessum lið þá áskilur meirihlutinn sér rétt til að svara þessari bókun U-lista síðar.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:51.